

10. maí 2024



Frumvarp til sóttvarnalaga (heildarlög).

Kynning fyrir velferðarnefnd Alþingis 10. maí 2024.



Afmörkun verkswiðs starfshóps ráðherra

- Starfshópurinn skipaður 18. júní 2021.
- Semja drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um sóttvarnir.
- Drögum að frumvarpi skilað 1. febrúar 2022.
- Starfshópurinn tók til skoðunar hvort rétt væri að aðskilja að fullu embætti sóttvarnalæknis frá embætti landlæknis.
 - Taldi sig ekki hafa forsendur til að leggja slíkt til. Þyrfti frekari greiningu.
- Að öðru leyti voru sóttvarnalögin í heild undir í endurskoðuninni.



Helstu breytingar með frumvarpinu

- Lagt er til að sérstakt markmiðsákvæði komi inn í sóttvarnalög.
- Lagt er til gildissviðsákvæði og sérstakt ákvæði um þá sjúkdóma sem lögin taka til. Í því ákvæði er lögð til tiltekin stigskipting sjúkdóma, þ.e. smitsjúkdómar, alvarlegir sjúkdómar og samfélagslega hættulegir sjúkdómar.
- Lagt er til að heimildir stjórnvalda til sóttvarnaráðstafana taki mið af framangreindri stigskiptingu sambærilegt því og gildir í Danmörku. Einungis megi grípa til veigamestu ráðstafananna þegar um samfélagslega hættulegan sjúkdóm er að ræða.



Helstu breytingar með frumvarpinu frh.

- Lagðar eru til breytingar á stjórnsýslu sóttvarna. Þannig er lagt til að sóttvarnalæknir verði skipaður af ráðherra líkt og landlæknir og aðrir forstöðumenn stofnana samhliða því að ábyrgð hans á framkvæmd sóttvarna heyri beint undir yfirstjórn ráðherra en ekki landlæknis.
- Lagt til að nýtt fjölskipað stjórnvald, farsóttanefnd, verði sett á laggirnar sem skilar tillögum til ráðherra til opinbera sóttvarnaráðstafana vegna samfélagslega hættulegra sjúkdóma.
- Samhliða stofnun farsóttanefndar verður sóttvarnaráð í núverandi mynd lagt niður. Þó er lagt til að sóttvarnalæknir hafi heimild til að kveða sér til ráðgjafar sérfræðinga vegna þeirra verkefna sem falla undir hlutverk sóttvarnalæknis.



Helstu breytingar með frumvarpinu frh.

- Lagt er til að kaflinn um opinberar sóttvarnaráðstafanir og einstaka ákvæði hans verði brotinn upp og framsetning einfölduð frá sóttvarnalögum nr. 19/1997. Jafnframt eru settar tilteknar skorður við tímalengd opinberra sóttvarnaráðstafana.
- Lagt er til að aðkoma og eftirlitshlutverk Alþingis að opinberum sóttvarnaráðstöfunum verði styrkt.
- Lagt til að einstaklingar geti hafnað meðferð við smitsjúkdómum en sé áfram skylt að hlíta öðrum fyrirmælum til að koma í veg fyrir smit.
- Lagt er til að viðurlagaákvæði laganna verði uppfært í samræmi við löggjafarþróun síðari ára.